

9. apríl, 2014

# Skólaráðsfundur

*Mættir: Kristín J., Kristín H., Sólveig, María, Marína, Erlendur, Helga, Alexandra og Lárus.*

## **1. Skólapúlsinn – foreldrakönnun**

Farið yfir niðurstöður foreldrakönnunar Skólapúlsins sem foreldrar svöruðu nú í vor. Miklar umræður um þetta.

## **2. PISA niðurstöður**

Farið yfir niðurstöður úr PISA rannsókn sem lögð var fyrir nemendum 10. bekkjar Oddeyrarskóla árið 2012. Læsi í stærðfræði kemur afar vel út hjá Oddeyrarskóla, voru hæst allra skóla á Akureyri. Þjóðfélagsstaða er hins vegar lægst í Oddeyrarskóla. Rætt um þær spurningar sem liggja að baki mati á þjóðfélagsstöðu. Hins vegar virðist þjóðfélagsstaða ekki hafa áhrif á læsi í stærðfræði, sem er afar jákvætt.

## **3. Skóladagatal**

Skóladagatal kynnt ráðinu. Skólasetning fer fram fimmtudaginn 21. ágúst og skólaslit 5. júní. Skóladagatal samþykkt af skólaráðsfólki. Þetta verður kynnt á kennarafundi síðar í dag.

Fundi slitið

Helga V.